



sveitarfélagalausnir



Áætlanagerfi Wise

- skilvirkari vinna og betri yfirsýn

Áætlanagerfi Wise gerir sveitarfélögum kleift að vinna áætlanir með skilvirkari hætti en áður auk þess sem notandinn hefur betri yfirsýn yfir stöður og fyrri áætlanir.

Rammaáætlun

Rammaáætlun notar fyrirliggjandi fjárhagsáætlun til grundvallar. Síðan er hægt að gera mismunandi sviðsmyndir út frá ýmsum forsendum. Þar næst er ein sviðsmyndin notuð og búin til fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlunarvinnsla

Hægt er að gera vinnubækur/Excelskjöl fyrir stjórnendur deilda til að vinna fjárhagsáætlunina frekar. Fjárhagsáætlunin er síðan uppfærð með þeim breytingum.

Hliðarvinnslur

Byggjast á sjálfvirkum keyrslum sem spara mikla vinnu. Sem dæmi um hliðarvinnslur eru Launaáætlanir, afskriftir og innri leiga sótt í eignakerfið, Framkvæmdaáætlun og eignabreytingar, vinna inn skuldir, afborganir og næsta árs afborganir úr Skuldabréfakerfinu og uppsetning millifærslna vinnsla og bókun.

Efnahagsreikningur og sjóðsstreymi

Þegar búið er að gera uppsetninguna fyrir efnahagsreikning og sjóðsstreymi birtast þau miðað við gögnin sem komin eru í kerfið.

Viðaukar

Þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt og breytinga er þörf á samþykktari áætlun, er hægt að gera viðauka fyrir rekstur og eignabreytingar.

Greiðsluáætlun

Greiðsluáætlunin byggir á stöðu handbærs fjár í upphafi áætlunartímabilsins og síðan inn- og útstreymisfærslur sem byggja á raungögnum til skamms tíma og síðan áætlunum gögnum til lengri tíma. Greiðsluáætlun er hægt að gera eins oft og notandinn kys og hægt að geyma útgáfur af henni eftir þörfum.

Áætlunarvöktun

Hér er hægt að vinna inn samanburð á áætlun og rauntölum og birta þær færslur á fjárhagslykla og deild sem eru komnar umfram áætlun, annars vegar miðað við dagsetningu og einnig m.v. ársáætlun.

Helstu kostir

- Rammaáætlunir með mörgum sviðsmyndum.
- Góð yfirsýn yfir stöður og fyrri áætlanir.
- Vinnusparandi hliðarvinnslur.
- Fjölbreytt framsetning á samanburðargögnum.
- Hægt að flytja gögn inn og út úr Excel.
- Góð stjórn og utanumhald um viðaukaáætlun.
- Greiðsluáætlunir og áætlunarvöktun.

Gerðu áætlanir með skilvirkari hætti og betri yfirsýn.

Upplýsingar

Við tökum vel á móti þér í Borgartúni 26, 4. hæð og Hafnarstræti 93-95, Akureyri.

Nánari upplýsingar veitir söludeild Wise í síma: 545 3200 eða í tölvupósti: sala@wise.is
www.wise.is



Wise lausnir ehf.
Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

